



UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stofnun starfshóps kjörinna fulltrúa vegna óviðunandi húsnæðis skóla- og frístundastarfs

Á fundi skóla- og frístundaráðs 5. desember 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að frá og með 1. janúar 2023 taki til starfa starfshópur þriggja kjörinna fulltrúa í skóla- og frístundaráði, tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta. Verkefni starfshópsins er að tryggja að allar upplýsingar sem berast skóla- og frístundasviði um húsnæði, þar sem starfsemi fer fram á þess vegum, og telja verður óviðunandi, svo sem vegna myglu, verði eins skjótt og kostur er, komið til starfshópsins. Starfshópurinn setur sér nánari starfsreglur, m.a. með hvaða hætti upplýsingum verði miðlað til annarra fulltrúa skóla- og frístundaráðs.

Á fundinum var samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartilaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata:

Tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stofnun starfshóps kjörinna fulltrúa vegna óviðunandi húsnæðis á vegum skóla- og frístundasviðs er vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Í samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar segir í 2. grein: „Skóla- og frístundaráð skal móta stefnu í menntamálum barna í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar og frístundastarfi barna og ungmenna. Einnig mótar skóla- og frístundaráð stefnu um tónlistarfræðslu barna og ungmenna og félagslega menntastefnu. Skóla- og frístundaráð tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri skóla- og frístundasviðs og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt og fylgist með gæðum skólustarfs og annars starfs á verksviði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Skóla- og frístundasvið annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.“

Í 3. grein er fjallað nánar um verkefni og í 7. tölulið segir: „Gætir þess að leikskólar, grunnskólar, frístunda- og félagsmiðstöðvar og frístundaheimili á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi. Gerir tillögur til borgarráðs um stofnun og staðsetningu starfseininga á vegum sviðsins.“

Í 6. grein er fjallað um verkstjórn og verkaskiptingu og þar segir m.a.: „Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins og stofnana er undir það heyra, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.“



Á ofangreindu má sjá að það er hlutverk skóla- og frístundaráðs að gæta þess að starfseiningar sviðsins búi við fullnægjandi húsnæði. Það er hlutverk sviðsstjóra að bera ábyrgð á rekstri sviðsins.

Það er mat sviðsins að viðhald húsnæðis falli undir rekstur sviðsins sem er á ábyrgð sviðsstjóra. Sviðsstjóra ber að sjá til þess að reglulega sé skóla- og frístundaráði kynnt staðan og hefur það verið gert a.m.k. árlega undanfarin ár á fundum ráðsins, þá annars vegar viðhald og hins vegar áætlun um nýbyggingar.

Þó nokkur fjöldi óvæntra viðhaldsmála hafa komið upp í húsnæði leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs undanfarin misseri. Skóla- og frístundasvið leigir húsnæðið af eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs. Umhverfis- og skipulagssvið sér hins vegar um viðhald fasteigna borgarinnar. Þegar koma upp tilvik vegna óviðunandi húsnæðis eru þau unnin í samstarfi sviðanna, auk heilbrigðiseftirlits skv. verkferlum þar um. Í kringum hvert tilvik koma til funda fulltrúi eignaskrifstofu, USK, tveir frá skrifstofu SFS, einn frá heilbrigðiseftirliti, fagstjóri úr borgarmiðstöð, stjórnandi viðkomandi borgarmiðstöðvar og fulltrúi verkfræðistofu sem vinnur úttekt. Lögð er áhersla á að vinna slík mál hratt, út frá öryggissjónarmiði bæði barna og starfsmanna og með áherslu á faglegt starf. Skóla- og frístundasvið forgangsraðar starfskröftum svo hægt sé að bregðast eins hratt við slíkum málum og hægt er. Á sama tíma þarf að vinna þau önnur verkefni sem falla undir verk sviðsins.

Tekið er undir að mikilvægt er að veita fulltrúum í skóla- og frístundaráði upplýsingar um óvænt viðhaldsmál, viðbrögð og áhrif á starfsemina. Í 4. tölulið 3. greinar Samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð segir m.a. um verkefni ráðsins: „Fylgist með framkvæmd náms og kennslu í Reykjavík og gerir tillögur til skólastjóra og/eða borgarráðs um umbætur í skólastarfi.“

Lagt er til að skóla- og frístundaráð verði líkt og að undanfögnu upplýst reglulega á fundum ráðsins um öll þau óvæntu viðhaldsmál sem upp koma og áhrif þeirra á starfsemina. Mælt er gegn því að stofna sérstakan stýrihóp kjörinna fulltrúa sem samkvæmt tillögunni hefur það helsta hlutverk að tryggja að upplýsingar, sem berast til skóla- og frístundasviði og varða óviðunandi húsnæði, berist til starfshópsins.